

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. október 2024

Mál nr. E-2162/2023:

**A,**

**B og**

**C**

(Vaka Dagsdóttir lögmaður)

**gegn**

**D,**

**E,**

**F og**

**G**

(Lárus Sigurður Lárusson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september 2024, var höfðað 5. september 2023. Stefnendur eru A, [...], B, [...], og C, [...]. Stefnu eru D, [...], E, [...], F, [...], og G, [...].

Stefnandi A krefst þess aðallega að stefnu verði hverju um sig gert að greiða henni 3.538.970 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.168.351 krónu frá 27. mars 2019 til 17. desember 2019, af 1.355.636 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2020, af 3.413.969 krónum frá þeim degi til 16. mars 2020, en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi A þess að stefnu verði hverju um sig gert að greiða henni 3.538.970 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. janúar 2020 til greiðsludags og til þrautavara þess að viðurkenndur verði réttur hennar til endurgreiðslu arfs úr hendi hvers stefnu fyrir sig sem nemur 4,166667% heildareigna óskipta búsins, þ.e. dánarbús H, kt. 000000-0000 og dánarbús I, kt. 000000-0000.

Stefnandi B krefst þess aðallega að stefndu verði hverju um sig gert að greiða henni 3.538.970 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.168.351 krónu frá 27. mars 2019 til 17. desember 2019, af 1.355.636 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2020, af 3.413.969 krónum frá þeim degi til 16. mars 2020, en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi B þess að stefndu verði hverju um sig gert að greiða henni 3.538.970 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. janúar 2020 til greiðsludags og til þrautavara þess að viðurkenndur verði réttur hennar til endurgreiðslu arfs úr hendi hvers stefndu fyrir sig sem nemur 4,166667% heildareigna óskipta búsins, þ.e. dánarbús H, kt. 000000-0000 og dánarbús I, kt. 000000-0000.

Stefnandi C krefst þess aðallega að stefndu verði hverju um sig gert að greiða honum 3.538.970 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.168.351 krónu frá 27. mars 2019 til 17. desember 2019, af 1.355.636 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2020, af 3.413.969 krónum frá þeim degi til 16. mars 2020, en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi C þess að stefndu verði hverju um sig gert að greiða honum 3.538.970 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. janúar 2020 til greiðsludags og til þrautavara þess að viðurkenndur verði réttur hans til endurgreiðslu arfs úr hendi hvers stefndu fyrir sig sem nemur 4,166667% heildareigna óskipta búsins, þ.e. dánarbús H, kt. 000000-0000 og dánarbús I, kt. 000000-0000.

Loks krefjast stefnendur öll í öllum tilvikum hvert um sig málskostnaðar úr hendi stefndu, stefnendur A og B líkt og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast hvert um sig öll sýknu af kröfum stefnenda og til vara þess að þær verði lækkaðar stórlega. Þá krefjast stefndu hvert um sig málskostnaðar óskipt úr hendi stefnenda.

Stefndu kröfðust þess í upphafi aðallega að máli þessu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómsins 8. febrúar 2024 var kröfu þeirra þar að lútandi hafnað.

## I.

### *Helstu málsatvik*

I, móðir stefnenda, giftist H, föður stefndu, árið 1987. Áður gerðu þau með sér kaupmála, dagsettan 5. maí 1987, sem færður var í kaupmálabók. Samkvæmt honum varð 50% eignarhluti í einbýlishúsi að [...]að séreign I, sem og Mitsubishi Colt bifreið að áætluðu verðmæti 400.000 krónur. Jafnframt var kveðið á um að allur arfur sem kynni

að falla til þeirra skyldi verða séreign þess þeirra sem erfði hvert sinn. Þá skyldi arður og það sem kæmi í stað séreignar hvors um sig verða séreign þess sem séreignina á. Að öðru leyti skyldi fara um fjármál þeirra að lögum.

J, faðir I, lést 20. október 1994. Hafa stefnendur lagt fram erfðafjárskýrslu vegna einkaskipta I og þriggja systkina hennar á dánarbúinu, sem staðfest var af sýslumanni 29. desember 1994. Samkvæmt erfðafjárskýrslunni komu til skipta 3.225.014 króna bankainnstæður, 8.100.802 krónur í spariskírteinum ríkissjóðs og 188.160 króna eign í hlutabréfasjóði, sem í skýrslunni reiknast 11.523.976 krónur en eru réttilega 11.513.976 krónur. Að frádregnum 650.000 króna útfararkostnaði reiknaðist hrein eign til skipta 10.873.976 krónur. Fékk I þannig í sinn hlut 2.533.080 krónur þegar frá hafði verið dreginn 185.414 króna erfðafjárskattur.

I lést 8. júní 1997. Þann 3. september sótti H um leyfi til setu í óskiptu búi og var beiðnin árituð til samþykkis af stefnendum. Í beiðninni er vísað til fyrirleggjandi kaupmála. Tilgreindar eignir búsins voru fasteignin að [...], fasteignamatsverð 7.899.000 krónur, 50.000 króna innbú, Mazda-bifreiðin [...] að verðmæti 1.200.000 krónur, Mercedes Benz [...] sendibílaekstur að verðmæti 1.998.136 krónur, 1.737.867 króna eign á bankareikningi og verðbréf að nafnverði 3.001.144 krónur. Skráðar skuldir voru engar.

Með bréfi sýslumanns 17. september 1997 var H veitt leyfi til setu í óskiptu búi. Segir í leyfisbréfi að meðal eigna búsins sé „½ fasteignin [...]“. Þar segir enn fremur:

„Eignirnar, ½ húseignin að [...] og bifreiðin [...] sem voru séreignir hinnar látnu skv. kaupmála dags. 5. maí 1987 falla ekki til óskipta búsins. Verðmæti, sem leyfishafi kann að eignast framvegis renna í búið, nema þau eigi að lögum að falla til séreignar. Arfur eða gjöf, sem honum hlotnast, rennur þó ekki til búsins ef hann lýsir því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um þessi verðmæti, að þau skuli ekki renna í óskipta búið. Með bréfi þessu er leyfishafanum heimilt að lögum að láta færa á sitt nafn eignir, sem eru skráðar á nafn látins maka, aðrar en þær sem eru séreign hinnar látnu skv. kaupmála, sbr. hér að ofan.“

Þann 3. október 1997 sóttu H og stefnendur um leyfi til einkaskipta vegna látinnar eiginkonu og móður. Tilgreindar eignir til skipta voru 50% af fasteigninni að [...], fasteignamatsverð 3.944.500 krónur og bifreiðin [...] að verðmæti 900.000 krónur og voru báðar eignir tilgreindar sem „séreign hins látna í hjúskap skv. kaupmála, dags. 5. maí 1987“. Sýslumaður samþykkti umsókn þessa 6. október 1997.

Í erfðafjárskýrslu H og stefnenda, dagsettri 18. nóvember 1997, sem sýslumaður staðfesti 19. sama mánaðar, er vísað til sömu séreigna I og hrein eign til skipta tilgreind 4.844.500 krónur. Arfshluti H sé 1.614.832 krónur og arfshluti hvers og eins stefnenda 1.076.556 krónur. Af þeirri fjárhæð skuli hver og einn stefnenda greiða 58.088 króna erfðafjárskatt. Til skýringar segir: „Hér er verið að skipta séreignum hinnar látnu samkvæmt kaupmála, dags. 5. maí 1987. Að öðru leyti situr eftirlifandi maki, H, [...] í óskiptu búi skv. búsetuleyfi, útgefnu 17. september 1997.“

Einnig liggur fyrir undirrituð skiptayfirlýsing H og stefnenda, dagsett 18. nóvember 1997. Þar segir:

„Við einkaskipti á séreignum úr dánarbúi I [...] komu eftirfarandi séreignir hinnar látnu, skv. kaupsamningi [sic] dags. 5. maí 1987, til skipta:

- a) 50% af fasteigninni [...], að fasteignamatsverði kr. 3.944.500,00.
- b) Mazda fólksbifreið árg. 1996, skráningarnúmer [...], markaðsverð kr. 900.000,00.“

Eru H og þrjú nafngreind börn I, stefnendur í málinu, því næst talin upp og segir þar fyrir neðan: „H hefir greitt ofangreindum börnum hinnar látnu þeirra erfðahlut, kr. 1.076.556,00 hverju, og er því hér eftir einn eigandi að ofangreindum eignum ásamt öllu, er þeim fylgir og fylgja ber, þar með talin leigulóðarréttindi að fasteigninni [...]. Skiptayfirlýsingu þessari verður þinglýst sem eignarheimild H.“

Skiptayfirlýsingin er samin af K lögmanni. Sýslumaður samþykkti yfirlýsinguna 19. nóvember 1997 með vísan til ofangreindrar erfðafjárskýrslu og var yfirlýsingunni þinglýst degi síðar.

Samkvæmt yfirliti um framvindu skipta samkvæmt dánarskrá sýslumanns miðast búskipti eftir I við 19. nóvember 1997 og segir um stöðu þeirra þann dag í dánarskrá: „Einkaskiptum lokið“.

Þann 7. júní 2005 samþykkti H 30.000.000 króna kauptilboð í fasteignina að [...]. Í tilboðinu er H sagður 100% eigandi hennar. Kaupsamningur var undirritaður 8. júlí, honum þinglýst 12. júlí og afsal gefið út 1. desember. Í millitíðinni keypti H þriggja herbergja íbúð að [...] og greiddi fyrir hana 22.420.000 krónur samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 1. júlí 2005, sem þinglýst var 7. sama mánaðar.

H lést 13. júlí 2018. Stefnda F tilkynnti sýslumanni um andlátíð 16. júlí. Í tilkynningunni var H sagður ekill, stefndu D, E, F og G tilgreind sem erfingjar og helsta eign dánarbúsins sögð fasteignin að [...]. Þess var ekki getið að H hefði setið í óskiptu

búi eftir andlát I, eiginkonu sinnar. Þann 25. júlí veitti sýslumaður stefndu leyfi til einkaskipta á dánarbúi H. Í leyfisbréfinu er L, lögfræðingur á Útfararstofu kirkjugarðanna, skráð umboðsmaður ofangreindra erfingja vegna skiptanna.

Samkvæmt erfðafjárskýrslu, dagsettri 16. ágúst 2018, voru skráðar eignir búsins [...], fasteignamatsverð 4.755.000 krónur, [...], fasteignamatsverð 42.000.000 króna, 20.606.469 króna bankainnstæða, verðbréf að verðmæti 10.655.104 krónur og 999.936 króna hlutafjáreign í Nýju sendibílastöðinni; samtals 79.016.509 krónur. Á móti voru skráðar skuldir 1.349.938 króna útfararkostnaður og hrein eign búsins því 77.666.571 króna. Samkvæmt því varð arfshluti hvers og eins stefndu 19.416.643 krónur og greiddi hvert þeirra 1.904.164 krónur í erfðafjárskatt, eða samtals 7.616.656 krónur. Við þann skatt bættist 9.500 króna skiptagjald.

Sýslumaður samþykkti erfðafjárskýrsluna 21. ágúst 2018. Samkvæmt yfirliti úr dánarskrá sýslumanns var „einkaskiptum lokið“ þann dag.

Í febrúar 2019 spurðist lögmaður stefnenda fyrir um skiptin á dánarbúi I og fékk svohljóðandi svar sýslumanns 21. febrúar: „Samkvæmt gögnum sýslumanns fæst ekki séð að dánarbúi I [...] hafi verið skipt. Aðeins var skipt í einkaskiptum séreignum hinnar látnu samkvæmt kaupmála, sbr. erfðafjárskýrsla staðfest þann 19. nóvember 1997.“

Með bréfi lögmannsins til stefnda D, dagsettu 27. febrúar 2019, var vakin athygli á svari sýslumanns og sagt ljóst að við skipti á dánarbúi H hafi borið að skipta dánarbúi I þar sem H sat í óskiptu búi. Enn fremur að stefnendur ættu sem niðjar I rétt til arfs „sem nemur helmingi óskiptra eigna búsins eins og þær voru á andlátsdegi H“. Óskaði lögmaðurinn eftir samvinnu um endurupptöku á dánarbúi H svo unnt væri að skipta óskipta búinu. Í kjölfar tölvupóstsamskipta lögmannsins við lögmann stefndu kröfðust stefnendur þess með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur, dagsettu 28. maí 2019, að dánarbú H og I yrði tekið til opinberra skipta.

Í tölvupósti lögmanns stefnenda til sýslumanns, dagsettum 28. júní 2019, er greint frá því álit dómarafulltrúa að þar sem búið væri að skipta dánarbúi H væri ekki heimilt að krefjast opinberra skipta á hans dánarbúi og því yrði þeirri kröfu hafnað ef hún yrði ekki áður afturkölluð. Í svarpósti sýslumanns, dagsettum 1. júlí sama ár, segir að ekki sé hægt að sækja um einkaskipti á dánarbúi I þar sem H hafi setið í óskiptu búi „og því hafi einkaskiptum á báðum dánarbúum í raun lokið“. Þá verði einkaskipti ekki tekin upp á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. en stefnendur geti eftir atvikum höfðað dómsmál á grundvelli 3. mgr. 95. gr., sbr. 2. mgr. 84. gr., sömu laga.

Með kaupsamningi, dagsettum 17. desember 2019, seldu stefndu fasteignina að [...]. Var söluverð eignarinnar 57.900.000 krónur. Samkvæmt yfirliti frá Fasteignasölu Mosfellsbæjar, dagsettu sama dag, greiddu stefndu fasteignasölunni 1.005.144 krónur í sölubóknun.

Stefnendur höfðuðu mál á hendur stefndu 12. febrúar 2020 og var því vísað frá dómi að kröfu stefndu 9. júlí sama ár. Stefnendur höfðuðu á ný mál gegn stefndu 28. september 2020. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í því máli uppkveðnum 18. febrúar 2022 var fallist á kröfur stefnenda. Stefnu áfrýjuðu þeim dómi til Landsréttar. Með dómi Landsréttar 2. júní 2023 var málinu vísað frá héraðsdómi. Í kjölfarið höfðuðu stefnendur svo mál það sem hér er til úrlausnar.

## II.

### *Helstu málsástæður stefnenda*

Stefnendur byggja kröfur sínar á því að stefndu hafi gengið framhjá rétti þeirra til arfs eftir móður þeirra þegar stefndu fengu leyfi til einkaskipta og luku skiptum á dánarbúi föður síns án aðkomu stefnenda, sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., sbr. 2. mgr. 84. gr. sömu laga. Rétt hefði verið að skipta báðum dánarbúunum, þ.e. dánarbúi móður stefnenda og föður stefndu, sem við andlát hafi setið í óskiptu búi móður stefnenda, í samræmi við 1. og 2. mgr. 19. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Þar segi: „Við skipti milli maka, sem situr í óskiptu búi, og erfingja hins látna, skal deila búshluta hins látna milli þeirra, sem standa til erfða eftir hann, samkvæmt almennum reglum. / Nú fara skipti fram eftir lát beggja hjóna, og fellur þá niður lögmaeltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara.“

Stefnufjárhæð bæði aðal- og varakröfu sé þannig fundin að frá heildareignum óskipta búsins á dánardægi föður stefndu, samkvæmt erfðafjárskýrslu 77.666.571 króna, sé dreginn greiddur erfðafjárskattur upp á 7.616.656 krónur og skiptagjald upp á 9.500 krónur, sem gerir 70.040.415 krónur. Þar sem stefndu hafi selt fasteignina að [...] þann 17. desember 2019 sé fasteignamatverð þeirrar eignar samkvæmt erfðafjárskýrslu, 42.000.000 króna, dregið frá, söluverði fasteignarinnar, 57.900.000 krónum, bætt við og að svo búnu dregin frá greidd sölubóknun, 1.005.144 krónur. Samkvæmt því hafi heildareignir óskipta búsins numið 84.935.271 krónu. Hluti dánarbúa móður stefnenda annars vegar og föður stefndu hins vegar, hvors um sig, sé 50% af heildareignum óskipta búsins, þ.e. 42.467.635 krónur. Hluti dánarbús móður stefnenda eigi að skiptast að jöfnu milli þeirra þriggja sem geri 16,6667% af heildareignum óskipta búsins, þ.e. 14.155.878

krónur til hvers þeirra um sig. Stefnendur, hver um sig, krefji því stefndu, hvern um sig, um 3.538.970 krónur, þ.e. fjórðung þeirrar fjárhæðar, ásamt dráttarvöxtum líkt og nánar greini í stefnukröfum.

Stefndu hafi byggt kröfur sínar í fyrra máli aðila á því að eignir föður þeirra hafi orðið séreignir hans við skipti á séreignum móður stefnenda og því sérstök þörf á að mótmæla því alfarið að svo hafi verið. Samkvæmt framlögðu búsetuleyfi föður stefndu og 11. gr. laga nr. 8/1962 falli almennt allt verðmæti sem leyfishafi kunnir að eignast, þ.e. eftir útgáfu leyfis, í búið. Frá þessu séu ákveðnar undantekningar sem séu tæmandi taldar í lögum og áréttáðar í búsetuleyfinu. Í fyrsta lagi megi gagnálykta af orðalagi 1. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 að til óskipts bús teljist ekki eignir sem hafi verið séreignir fyrir útgáfu búsetuleyfis. Í öðru lagi megi ráða af 75. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 að verðmæti sem komi í stað slíkrar séreignar verði einnig séreign. Í þriðja lagi geti sjálfsaflafé og annað verðmæti sem búsetuleyfishafi eignist orðið að séreignum hans ef lög kveði svo á um, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962. Í fjórða lagi geti arfur eða gjöf sem langlífari maka hlotnist orðið að séreign hans ef hann lýsi því fyrir sýslumanni, innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um þessi verðmæti, að þau skuli ekki renna í óskipta búið. Þegar svo hátti til beri langlífari maka að halda þeirri séreign aðgreindri frá eignum óskipta búsins, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962.

Ljóst sé samkvæmt framlagðri beiðni föður stefndu um leyfi til einkaskipta, framlögðu búsetuleyfi hans sem og framlögðum kaupmála þeirra hjóna að faðir stefndu átti engar séreignir fyrir andlát móður stefnenda. Þá hafi hann keypt 33,33% hlut stefnenda í fasteigninni að [...] og falli sá hlutur því undir sjálfsaflafé og annað verðmæti, eða nánar tiltekið annað verðmæti, ekki arf eða gjöf sem honum sem leyfishafa hafi hlotnast. Með þeim kaupum hafi sá hluti því ótvírætt runnið inn í hið óskipta bú hans og móður stefnenda eftir skýrum fyrirmælum laga nr. 8/1962 og búsetuleyfisins, enda sé engum lagareglum til að dreifa um annað líkt og áður greint ákvæði laganna áskilji.

Stefnendur telji ástæðu til að benda sérstaklega á hvað varði þennan hlut eignarinnar að engin heimild sé til annars en að hluturinn sem faðir stefndu hafi keypt af stefnendum renni inn í óskipta búið. Annars vegar liggi ekkert fyrir um að faðir stefndu hafi átt séreignir sem hann hafi notað til að greiða stefnendum fyrir þennan hlut sinn og því loku fyrir það skotið að hluturinn verði að séreign samkvæmt 75. gr. laga nr. 31/1993. Þvert á móti liggi það í augum uppi að hann hafi notað fjármuni búsins til að greiða þeim út, þar á meðal ríkulegan föðurarf móður stefnenda sem henni hafi tæmst skömmu fyrir

andlát sitt eins og framlögð gögn beri vott um. Með öðrum orðum hafi allur föðurarfur móður stefnenda runnið í hendurnar á föður stefndu, í andstöðu við fyrirmæli kaupmála þeirra hjóna. Hins vegar séu engar lagareglur sem kveði á um að kaup á arfshluta annarra erfingja myndi séreign. Því sé útilokað annað en að 33,33% hlutur í fasteigninni að [...] sem faðir stefndu hafi keypt af stefnendum hafi runnið til óskipta búsins. Fyrir hlutinn hafi verið greitt með fjármunum búsins og hluturinn tilheyri því búinu eftir kaupun.

Hvað varði þá undantekningu sem kveðið sé á um í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 hafi föður stefndu vissulega tæmst makaarfur við einkaskipti á séreignum móður stefnenda. Stefndu hafi byggt á því í fyrra máli aðila að vegna þess hafi öll fasteignin að [...] orðið að séreign föður þeirra, og raunar restin af búinu líka, og að nákvæmlega sú eign hafi runnið öll til kaupa á fasteigninni að [...], en ekki aðrar eignir búsins. Þessu mótmæli stefnendur sem alröngu enda gangi það þvert gegn fyrirmælum laga að faðir stefndu hafi átt einhverja séreign við andlát sitt.

Eini mögulegi hluti fasteignarinnar að [...] sem faðir stefndu hefði getað tilgreint sem sína séreign sé arfur hans eftir móður stefnenda, þ.e. 16,6667% af fasteigninni. Hin 83,33% af fasteigninni samanstanda af óskiptum hjúskapareignum og þeim hluta fasteignarinnar sem hann hafi keypt af stefnendum fyrir fjármuni búsins. Þessi 16,6667% eignarhlutur í fasteigninni að [...], sem faðir stefndu hafi vissulega hlotið í makaarf, sé þannig það eina sem lög geri ráð fyrir að mögulega hefði getað orðið að séreign hans, þó aðeins ef hann, sem búsetuleyfshafi, hefði lýst því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða að umrædd eign skyldi ekki renna í óskipta búíð og síðan haldið henni aðgreindri frá öðrum eignum þess. Faðir stefndu hafi hins vegar ekki tilkynnt sýslumanni um þennan arf og aldrei lýst því að umrædd eign skyldi ekki renna inn í óskipta búíð, hvorki innan tilskilins tveggja mánaða frests né nokkurn tímann síðar á þessum rúmlega tveimur áratugum sem hann hafi setið í óskipta búinu. Þá hafi hann ekki haldið þessum hlut aðgreindum frá öðrum eignum búsins.

Við skipti á dánarbúi föður stefndu hafi samkvæmt framangreindu ótvírætt borið að skipta óskiptu dánarbúi móður stefnenda, sem hann hafi setið í ásamt stefnendum. Því eigi stefnendur hver um sig endurgreiðslukröfu á stefndu sem nemi 16,6667% af 84.935.271 krónu, sem sé heildareign dánarbúsins samkvæmt framlagðri erfðafjárskýrslu að frádregnu fasteignamati fasteignarinnar að [...], og að viðbættu söluverði hennar og að frádregnum sölulaunum. Hver stefnandi um sig eigi því fjárkröfu á hendur stefndu að fjárhæð 14.155.878 krónur sem sé sú fjárhæð sem stefnendur hafi átt að fá

greidda í arf þegar búið hafi verið að greiða erfðafjárskatt, skiptagjald og sölulaun fasteignarinnar að [...].

Samkvæmt aðalkröfu miði stefnendur til einföldunar verðmæti fasteignanna að [...], fastanr. [...] og [...], við fasteignamat þeirra eins og greini í erfðafjárskýrslu, en áskilji sér rétt til að láta meta þær til markaðsverðs miðað við dánardag föður stefndu, enda beri við skiptagerð að miða við markaðsverð fasteignanna sem sé að öllum líkindum hærra en fasteignamatsverð.

Þar sem dánarbúi föður stefndu og því óskipta búi sem hann hafi setið í með stefnendum eftir móður þeirra hafi ekki verið skipt eins og lög kveði á um hafi stefnendur verið hlunnfarin um arf eftir móður sína sem þau hafi átt rétt á og hefði numið 14.155.878 krónum miðað við framangreint til hvers stefnenda um sig.

Um aðild að málinu til bæði varnar og sóknar vísa stefnendur til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu sinni um dráttarvexti til stuðnings vísa stefnendur til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og miða upphafstíma við 27. mars 2019 er mánuður var liðinn frá því að stefndu voru upplýst um að stefnendur litu svo á að gengið hefði verið framhjá þeim við skiptin. Verði ekki fallist á að umrædd málsgrein eigi við vísa þau til 4. mgr. sömu greinar um að ætíð sé heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim degi sem dómsmál sé höfðað um kröfu. Það hafi verið gert 12. febrúar 2020, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-442/2020. Loks vísa stefnendur til XXI. kafla laga nr. 91/1991 kröfum sínum um málskostnað til stuðnings.

### III.

#### *Helstu málsástæður stefndu*

Aðalkröfu sína um sýknu byggja stefndu á því að fjárkröfur (tjón) stefnenda séu ekki sannaðar í málinu, en það sé frumskilyrði þess að efnisdómur gangi um kröfu. Jafnframt reisa stefndu sýknukröfu sína á því að meintar fjárkröfur stefnenda séu fyrndar.

Stefndu telji að framlagður kaupmáli hafi grundvallarþýðingu í málinu og telji að ekki sé hægt að leggja dóm á sakarefnið án þess að taka tillit til hans, einkum við mat á fjárkröfum stefnenda og umfangi þeirra. Um kaupmála, sem gerðir séu fyrir gildistöku hjúskaparlaga nr. 31/1993, segi í 5. tölul. 139. gr. þeirra laga, að um gildi þeirra fari samkvæmt V. kafla laga nr. 20/1923, ásamt breytingum, en um „réttaráhrif“ gildi ákvæði hjúskaparlaga. Lög nr. 20/1923 hafi verið í gildi þegar umræddur kaupmáli hafi verið

gerður. Verði því að líta svo á að um gildi hans, sem slíks, fari eftir lögum nr. 20/1923, eftir því sem við eigi, en um réttaráhrif samkvæmt ákvæðum laga nr. 31/1993.

Í XI. kafla laga nr. 31/1993 sé fjallað um samninga milli hjóna, þ.m.t. séreignir samkvæmt kaupmála. Í 1. mgr. 74. gr. segi að hjón eða hjónaefni geti ákveðið í kaupmála að tiltekin verðmæti skuli verða séreign annars þeirra. Ákvæðið svari til upphafs 29. gr. laga nr. 20/1923, sbr. 1. gr. breytingalaga nr. 10/1962. Samkvæmt 3. mgr. 74. gr. laga nr. 31/1993 geti hjón enn fremur ákveðið í kaupmála að eign skuli vera séreign meðan bæði séu á lífi, en hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hvoru látnu. Ákvæði 3. mgr. 74. gr. eigi margt sammerkt með 29. gr. laga nr. 20/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Þá segi í 75. gr. laga nr. 31/1993 að verðmæti, sem komi í stað séreignar, verði einnig séreign, svo og arður af verðmætum, nema annars sé getið í kaupmála. Þetta ákvæði samsvari 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, sem og ákvæði í kaupmála þeirra hjóna. Í XII. kafla laga nr. 31/1993 sé skipað samfellt ákvæðum um kaupmála, form þeirra og reglum um skráningu o.fl. Ákvæði um þetta efni hafi verið nokkuð dreifð í lögum nr. 20/1923, en hafi aðallega verið að finna í V. og IX. kafla þeirra. Í 82. gr. laga nr. 31/1993 sé þess getið að skráning kaupmála sé forsenda fyrir gildi hans, þ.e. fyrir því að hann hafi réttaráhrif bæði gagnvart þriðja manni og á milli hjóna. Reglur um skráningu kaupmála séu svipaðar eldri reglum um það efni. Í 89. gr. laga nr. 31/1993 segi svo að hvort hjóna geti krafist þess að kaupmáli verði afskráður í kaupmálabók þegar hjúskap sé lokið, þ.m.t. við andlát, að því tilskildu að fjárskipti hafi þá farið fram. Samkvæmt lögskýringargögnum sé ljóst að krafa um það efni sé ekki tæk fyrir en fjárskiptum milli hjóna sé lokið, en aðeins þá hafi kaupmáli gegnt hlutverki sínu.

Líkt og ráða megi af stefnu geri hver stefnandi sjálfstæða fjárkröfu úr hendi stefndu hvers um sig. Vísi stefnendur til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um aðild. Séu kröfur stefnenda reistar á 3. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., sbr. 2. mgr. 84. gr. laganna. Ekki verði framhjá því litið að rökstuðningur stefnenda til stuðnings fjárkröfum virðist í grunninn hverfast um meint fjárhagslegt tjón, þ.e. í formi arfs eftir móður þeirra er þau hafi verið hlunnfarin um. Samkvæmt þessu séu kröfurnar í eðli sínu kröfur um bætur fyrir fjártjón, eða „skaðabótakröfur“ líkt og fram komi í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 18. febrúar 2022 í máli nr. E-2626/2020. Því máli hafi þó verið vísað frá héraðsdómi með dómi Landsréttar 2. júní 2023 í máli nr. 147/2022.

Fjárkröfur í stefnu fari því eftir meginreglum skaðabótaréttar um sönnunarbyrði og sönnun fjártjóns. Án tillits til reglna skaðabótaréttar gildi að sjálfsgöðu almennar reglur laga nr. 91/1991 um sönnun og sönnunarbyrði. Í 1. mgr. 44. gr. þeirra laga sé kveðið á um að dómari skeri úr um eftir mati á þeim gögnum sem fram hafi komið hvort tiltekið atriði teljist sannað, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki að því leyti. Af því leiði að í einkamáli þessu gildi almennar sönnunarreglur, þ.m.t. að því er varðar málsatvik sem hér skipti máli og við mat á kröfugerð stefnenda og umfangi hennar.

Samkvæmt framansögðu hvíli sönnunarbyrðin óskipt á stefnendum um að þau hafi orðið fyrir fjártjóni vegna skipta á dánarbúi föður stefndu árið 2018. Sé það frumskilyrði að tjón og umfang þess liggi ótvírætt fyrir. Stefndu hafni því að slík sönnun hafi tekist og því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum. Stefndu hafni því alfarið að framlögð sönnunargögn af hálfu stefnenda og málalíbúnaður í stefnu styðji kröfur og staðhæfingar þeirra í málinu. Þess sé að gæta, í framangreindu samhengi, að stefnendur byggi dómkröfur sínar aðallega á kaupsamningi um fasteign, þ.e. á söluverði samkvæmt verðlagi í desember 2019.

Líkt og dómkröfum sé háttáð séu stefnendur að krefja stefndu um „arð“ af fénu (arfinum) – löngu eftir skiptalok og þvert á fyrirmæli 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991. Í því ákvæði sé að finna sérreglu um kröfugerð sem gildi í þessu máli, þ.m.t. kröfur um arð og vexti af arfi. Skilja verði ákvæðið svo að kröfugerðin ráðist af eignum og skuldum búsins eins og þær standi við skiptagerð. Beri því að miða við verðlag á skiptatíma nema að uppfyllt séu skilyrði til að gera kröfu um arð af fénu eftir öðru verðlagi og þá á síðara tímamarki. Verði að telja að í ákvæðinu felist ákveðin fyrirmæli sem bindi hendur dómara við mat á fjárkröfum stefnenda, grundvelli þeirra o.fl., sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt skýrum texta 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 sé krafa um arð og vexti háð því að stefndu hafi tekið við arfinum gegn betri vitund. Í stefnu sé hvergi byggt á því enda svo sem engar forsendur til að halda slíku fram. Hvað sem því líði hefði rökstuðningur þar að lútandi þurft að koma skýrt fyrir í stefnu málsins í samræmi við e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Enga umfjöllun sé þó að finna þar um þetta nauðsynlega efnisatriði er snúi að huglægri afstöðu stefndu. Gegn andmælum stefndu komist málsástæður þar að lútandi ekki að við úrlausn málsins, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Þess utan standi ákvæði 111. gr. laganna því í vegi að dómari geti byggt niðurstöðu sína á slíkum málsástæðum.

Samkvæmt framansögðu sé engum vafa undirorpið að kröfugerð stefnenda verði að taka mið af verðlagi á skiptatíma, í ágúst 2018, sbr. meginreglu 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991. Skorti beinlínis lagaheimild til að miða við annað tímamark, enda verði stefndu ekki krafín um arð af arfinum líkt og málatilbúnaði stefnenda er háttað. Hafa beri einnig í huga, líkt og fram komi í stefnu, að í málinu beri að miða við „markaðsverð við skiptagerð“, þ.e. á skiptatíma, sbr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1991 um gangverð eigna. Fjárkröfur stefnenda, sem eigi rætur sínar að rekja til umræddra skipta og arftöku, séu á hinn bóginn reistar á allt öðru verðlagi í desember 2019 að því er varði stærstu eign búsins. Kaupsamningur í desember 2019 geti ekki falið í sér sönnun á því tjóni sem stefnendur halda fram að hafi orðið við skiptin í ágúst 2018. Um sé að ræða verulegan ágalla á málatilbúnaði sem gjaldfelli kaupsamninginn sem einhvers konar sönnunargagn um kröfugerð stefnenda. Sé sömuleiðis fjarstæðukennt að því sé haldið fram í stefnu að stefnendur geti átt, með vísan til nefnds kaupsamnings, einhverja hlutdeild í verðmæta- aukningu nefndrar fasteignar og þá væntanlega til ókominna ára, ef rétt sé skilið, hefði hún ekki verið seld í desember 2019, allt á meðan stefndu bæru ein allan viðhalds- og rekstrarkostnað hennar. Löggjafinn hafi einfaldlega girt fyrir þann möguleika nema viðkomandi taki við arfi gegn betri vitund. Stefndu telji ljóst að leggja beri til grundvallar, til samræmis við almennar verðlagshækkunar á fasteignamarkaði í Reykjavík og vegna endurbóta stefndu, að verðmæti fasteignarinnar að [...], sem dómkröfur stefnenda taki aðallega til, hafi verið lægra á skiptatíma en á sölutíma, þá tæpum tveimur árum síðar. Stefndu byggi þannig á því að umfang meints tjóns stefnenda sé að öllu óbreyttu, án frekari skýringa og sundurliðunar, ósannað, einkum þar sem kröfugerð taki skýlaust mið af herra verðlagi í desember 2019, en ekki verðmæti eignarinnar eins og það hafi í raun verið á skiptatíma.

Þannig sé ljóst að fjárhæðin sé lægri af þessum sökum en gert sé ráð fyrir í stefnu og stefnendur miði kröfugerð sína við, þar sem draga þurfi frá dómkröfum mismun á söluverði og gangverði fasteignarinnar á skiptatíma, sem og allan rekstrarkostnað eignarinnar frá og með arftöku stefndu. Að öðrum kosti væru stefnendur, á kostnað stefndu, að fá meint tjón sitt ofbætt og það gangi gegn grundvallarreglum skaðabótaréttarins og 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991. Stefndum hafi verið í lófa lagið að afla sönnunar á meintu tjóni sínu, til dæmis með matsgerð, og að afla sönnunar á gangverði eigna við skiptagerð, þ.e. tímamarki sem þau telji sjálf rétt að miða við. Það hafi þau ekki gert og

beri þau allan halla af sönnunarskorti um þetta atriði. Stefnendur hafi samkvæmt framan-sögðu ekki sýnt fram á tjón sitt með lögformlegum hætti og dugi sú ástæða ein og sér til sýknu í máli þessu.

Stefndu reisi sýknukröfu sína jafnframt á því að séreignir móður stefnenda, þá einkum 50% af fasteigninni að [...], sem komið hafi til skipta árið 1997, hafi ekki fallið til óskipta búans enda hafi téður eignarhlutur, lögum samkvæmt, sérstaklega verið undanskilinn í búsetuleyfi föður stefndu, sbr. 1. másl. 1. mgr. 11. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt ákvæðinu renni aðeins hjúskapareignir inn í óskipt bú, svo og séreignir sem lúti reglum um hjúskapareignir við lát annars hjónanna. Þar af leiðandi falli séreignir utan búsetuleyfis, þ.m.t. séreignir þess látna sem verði að skipta hið fyrsta. Samkvæmt fræðiskrifum verði langlífari makinn þá að sækja um búsetuleyfi „samþímis því að einkaskiptum sé lokið gagnvart einhverjum samerfingja hans eða opinberum skiptum“, sbr. 73. gr. laga nr. 20/1991. Í þessu máli hafi skiptum á séreignum móður stefnenda þó ekki verið lokið þegar sýslumaður hafi gefið út leyfið í september 1997. Þrátt fyrir það telji stefndu ljóst að umræddar séreignir, þ.m.t. þær sem staðið hafi umfram arfshluta föður þeirra, þ.e. lögarfur stefnenda, hafi ekki runnið aftur í óskipta búið og breyti engu í því tilliti þótt faðir stefndu hafi leyst þær til sín við skiptin. Í þessu tilfelli hafi ekki verið um svokallað sjálfsaflafé að ræða, sem maka hlotnist á síðari stigum eftir lok einkaskipta, heldur þvert á móti innleysingu maka og óhjákvæmilegt uppgjör gagnvart stefnendum undir skiptunum sjálfum á grundvelli 1. mgr. 35. gr. laga nr. 20/1991, uppgjör sem sé með öllu endanlegt gagnvart stefnendum, sbr. 2. og 3. gr. 95. gr. sömu laga.

Telja stefndu því ljóst, með hliðsjón af framangreindu og þá einkum ákvæði 73. gr. laga nr. 20/1991 og umfjöllun fræðimanna, að regla 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 sem fjalli um eignir (sjálfsaflafé) sem komi til eftir að búseta hefjist, gildi aðeins um eignir eftir að einkaskiptum á séreignum sé lokið gagnvart erfingjum hins látna. Lög enda áskilji, ef séreignir séu á annað borð fyrir hendi sem þurfi að skipta strax, að eftirlifandi maki, kjósi hann svo, sæki um búsetuleyfi á sama tíma og skiptum sé lokið gagnvart öðrum erfingjum. Eftir það tímamark sitji viðkomandi að öðru leyti í óskiptu búi. Með vísan til alls framangreinds telji stefndu ljóst að 50% af fasteigninni að [...], þ.m.t. lögarfur stefnenda í sömu eign, verðmæti er faðir stefndu hafi leyst til sín gegn greiðslu, hafi ekki fallið aftur í óskipta búið heldur aðeins verðmæti (sjálfsaflafé) sem hann hafi aflað á síðari stigum.

Í þessu sambandi byggji stefndu einnig á því að lögarfur föður þeirra í fasteigninni að [...] hafi orðið að séreign hans á grundvelli kaupmála, þegar arfurinn hafi fallið við skiptin árið 1997. Samkvæmt 2. gr. kaupmálans skuli allur arfur, hverju nafni sem nefnist, verða séreign hvors sem erfir hvert sinn. Þannig sé ljóst að kaupmálinn gildi um hvers konar arf, þ.m.t. lögarf og bréfarf. Þess utan sé ljóst, samkvæmt skýru orðalagi hans, að kaupmálinn gildi meðal annars um arf sem falli við andlát, sbr. orðalag „hvert sinn“. Beri að skýra þessi ákvæði sammingsins eftir orðanna hljóðan samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Ekkert í lögum eða í gögnum málsins bendi til þess að kaupmálinn hafi aðeins gegnt hlutverki fram að andláti móður stefnenda, en á dánartíma höfðu fjárskipti ekki farið fram. Sé óumdeilt í málinu að skiptum á séreignum hennar hafi ekki lokið fyrir en sýslumaður hafi staðfest erfðafjárskýrsluna og skiptayfirlýsinguna hinn 19. nóvember 1997. Á þeim tímapunkti hafi arfur verið fallinn og aðeins þá hefði verið hægt að afskrá kaupmálann í kaupmálabók, sbr. 89. gr. laga nr. 31/1993. Kaupmálinn, sem sé þó enn skráður í kaupmálabók, hafi því haft full réttaráhrif við skiptin árið 1997, þ.m.t. gagnvart stefnendum, sbr. 82. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu hafi kaupmálinn verið í gildi við skiptin og beri að leggja hann til grundvallar í máli þessu. Í honum komi hvergi fram að hann skuli falla niður við andlát eða að eignir lúti reglum um hjúskapareign að öðru hvoru látinu. Þvert á móti hafi arfurinn orðið að séreign sem fallið hafi utan óskipta búsins, sbr. 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962.

Stefndu byggji á því að ofangreind verðmæti sem ekki hafi runnið í óskipta búið, þ.e. lögarfur stefnenda og föður stefndu í 50% af [...], hafi runnið að fullu til kaupa á fasteigninni að [...] sem stefndu hafi tekið í arf árið 2018. Hjónin hafi samið um að arður og það sem kæmi í stað séreignar hvors um sig skyldi verða séreign þess sem séreignina átti. Ákvæði kaupmálans um þetta efni sé í samræmi við ígildisreglu 75. gr. laga nr. 31/1993 og 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923. Verði því að telja að sú regla hafi verið í gildi við kaupin enda ekki getið um annað í kaupmála þeirra hjóna. Í öllu falli sé á því byggt að ákvæði 75. gr. laga nr. 31/1993 hafi gilt um ráðstafanir föður stefndu.

Öll fasteignin að [...], þ.m.t. lögarfur föður stefndu að 16,66% og séreign að sömu tiltölu, sbr. að framan, hafi verið seld á sama tíma og fasteignin að [...] hafi verið keypt. Umsamið söluverð samkvæmt framlögðum kaupsamningi hafi verið greitt föður stefndu með tvennum hætti, annars vegar með 19.000.000 króna útborgun og hins vegar með fasteignaláni að upphæð 11.000.000 krónur. Eignin hafi verið án nokkurra veðbanda eða kvaða. Fáí það meðal annars stoð í framlögðu fasteignaláni sem kaupendur hafi gefið

út í júlí 2005 en þar hafi verið tiltekið að láninu yrði ráðstafað inn á bankareikning föður stefndu. Jafnframt megi hafa hliðsjón af skattframtali H frá 2005, en í árslok 2004 voru engin vaxtagjöld eða skuldir tilgreindar. Verði því að leggja til grundvallar að allt söluverðið að greiddum sölukostnaði, þ.e. 29.746.020 krónur, hafi verið lagt inn á bankareikning föður stefndu. Afsal fyrir fasteigninni að [...] hafi svo farið fram hinn 1. desember 2005. Í sama mánuði og sú fasteign hafi verið seld hafi faðir stefndu keypt fasteignina að [...] sem hann hafi átt til dánardags. Umsamið kaupverð samkvæmt kaupsamningi, dags. 1. júlí 2005, hafi verið 22.420.000 krónur og því ljóst að söluverð fasteignarinnar að [...] hafi dugað til að standa undir kaupum á fasteigninni að [...]. Framlögð gögn sýni enn fremur að faðir stefndu hafi ráðstafað söluverðinu inn á bankareikning seljanda [...]. Þannig hafi kaupin ekki verið fjármögnuð með lántöku. Verði því að leggja til grundvallar að séreignarfé föður stefndu hafi runnið til kaupa á fasteigninni að [...]. Því til stuðnings vísist einnig til framlagðra upplýsinga um innstæður úr skattframtölum föður stefndu vegna tekjuáranna 2004, 2005 og 2006.

Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar skipti miklu máli í þessu samhengi hvort einhver tengsl séu á milli sölu á séreign og kaupa á annarri eign og fjármögnun þeirra eigna. Ljóst sé að rík og samofin tengsl séu á milli fasteignaviðskipta föður stefndu bæði hvað varði tíma og fjármögnun. Hafi túlkun og beiting íslenskra dómstóla á þessu verið í samræmi við framangreint og oft megi greina að slakað sé á sönnunarkröfum hvað þetta varði. Virðist fullnægjandi að viðkomandi leiði að því líkur eða geri sennilegt að séreignarfé hafi verið notuð til kaupa á annarri eign. Með vísan til alls framangreinds sé ljóst að ofangreind verðmæti, sem ekki hafi runnið í óskipta búið, hafi runnið að fullu til kaupa á fasteigninni að [...] og beri að taka tillit til þess við úrlausn málsins.

Verði ekki fallist á framangreint byggja stefndu á því að lögurur föður þeirra hafi orðið að séreign á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962. Samkvæmt ákvæðinu skuli arfur eða gjöf, sem langlífari maka hlotnist, ekki renna inn í óskipt búi ef hann lýsi því yfir fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þess skuli ekki renna inn í óskipta búið og verða verðmætin þá séreign hins langlífari maka. Af hálfu stefndu er á því byggt að faðir þeirra hafi fyrst fengið vitneskju um lögurinn sinn þegar eignir hafi verið metnar í beiðni hans og stefnenda um leyfi til einkaskipta hinn 3. október 1997. Þá hafi legið fyrir tæmandi upplýsingar um umfang og verðmæti arfsins. Með skiptayfirlýsingunni frá 18. nóvember 1997 hafi faðir stefndu verið lýstur „einn eigandi“ að [...] á þeim grunni að hann hefði greitt stefndu

erfðahlut þeirra í sömu eign. Í framhaldi hafi umrædd eignarheimild verið staðfest af sýslumanni og henni fylgt eftir með þinglýsingu eignarheimildar yfir fasteigninni 19. nóvember 1997, hvort tveggja innan tímamarka 2. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962. Þannig hafi lögarfur föður stefndu í fasteigninni að [...] ekki fallið til óskipta búsins, sbr. umrædda 2. mgr. 11. gr., þá og einkum í ljósi þess að réttindin hafi jafnframt verið tryggð gagnvart þriðja aðila í samræmi við 1. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Samkvæmt öllu framansögðu er fjárhæð kröfu stefnenda sérstaklega mótmælt. Stefnendur hafi að mati stefndu ekki fært fullnægjandi sönnur fyrir kröfum sínum og þeim fullyrðingum sem málatilbúnaður þeirra byggir á. Í því sambandi mótmæli stefndu því sérstaklega að nefndur kaupsamningur, sem fjallað sé um að framan, hafi nokkurt sönnunargildi um atvik máls eða kröfur stefnenda. Þá geti stefndu ekki annað en bent á að kröfugerð og málatilbúnaður stefnenda í heild sé settur upp á flókinn og ruglingslegan hátt. Kröfugerðin, hvað varði stærstu eign búsins, tuki mið af verðlagi í desember 2019 en að öðru leyti sé stuðst við matsverð á skiptatíma í ágúst 2018 varðandi aðrar eignir. Að mati stefndu séu því verulegir annmarkar á málsókn stefnenda.

Í fyrsta lagi, líkt og rakið er að framan, sé grundvöllur krafna stefnenda í andstöðu við sérreglu 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991, sem geri ráð fyrir að verðmæti arfsins ráðist af eignum og skuldum óskipta búsins á skiptatíma. Ekki sé gert ráð fyrir arði af fénu eða öðru verðlagi nema viðkomandi hafi tekið við arfinum gegn betri vitund. Kröfugerð stefnenda, sem grundvallist meðal annars á verðlagi í desember 2019, sé því í andstöðu við lög. Í öðru lagi byggir stefndu á því að 50% af fasteigninni að [...], sem komið hafi til skiptanna árið 1997, hafi ekki fallið til óskipta búsins, og að sá hluti hafi runnið að fullu til kaupa á fasteigninni að [...] án þess að tekið sé tillit til þess í stefnu málsins. Í þriðja lagi bendir stefndu á að kröfur stefnenda geri ekki ráð fyrir að séreign föður stefndu í allri fasteigninni að [...] (16,66%) hafi runnið að fullu til kaupa á fasteigninni að [...]. Sá hluti hafi ekki tilheyrt óskipta búinu og beri að taka tillit til þess. Málatilbúnaður stefnenda tuki á hinn bóginn ekki af því mið, þrátt fyrir að stefndu hafi bent á þetta á fyrri stigum. Í fjórða lagi byggir stefndu á því að arfshluttur stefnenda í allri fasteigninni að [...] (33,33%) hafi ekki fallið til óskipta búsins, en óumdeilt sé að sá hluttur sem faðir stefndu hafi leyst til sín gegn greiðslu við skiptin hafi að fullu runnið til kaupa á fasteigninni að [...]. Í fimmta lagi verði ekki framhjá því litið að stefnendur hafi nú þegar fengið greitt fyrir þau verðmæti, en framlögð skiptayfirlýsing staðfesti það uppgjör og þinglýsingu réttinda. Þar af leiðandi telji stefndu útilokað, með vísan til ofangreinds, að sömu

verðmæti hafi runnið aftur í búið, þvert á fyrirmæli í búsetuleyfinu sjálfu. Samkvæmt framansögðu sé fullt tilefni til að sýkna vegna sönnunarskorts, a.m.k. að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum, enda dómari óbundinn af fyrri afstöðu sinni þar um, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Án tillits til framangreinds sé einnig rétt að benda á að endurgreiðslukröfur og aðrar kröfur, þ.m.t. skaðabótakröfur, fyrnist á fjórum árum samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Krafa um skaðabætur fyrnist eftir þeim reglum sem fram komi í 2. og 3. gr. laga nr. 150/2007. Samkvæmt 3. gr. sé almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda fjögur ár og reiknist fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi hafi fyrst getað átt rétt til efnda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt dómaframkvæmd og fræðiskrifum séu reglur laganna um upphaf fyrningarfrests hlutlægar. Skipti því ekki máli um upphaf fyrningarfrests hvort kröfuhafi hafi átt þess kost að fylgja eftir kröfu sinni eða verið kunnugt um tilvist hennar og önnur atvik. Sé þetta í samræmi við þá meginreglu að krafa stofnist almennt þegar hin bótaskylda háttsemi eigi sér stað og miðist gjalddagi kröfunnar við sama tímamark. Samkvæmt framansögðu hafi fyrningarfrestur krafna hafist er stefndu hafi lokið einkaskiptum á dánarbúi föður síns í ágúst 2018 óháð vitneskju stefnenda. Ljóst sé, ef rétt reynist, að gengið hafi verið framhjá stefnendum með þeim hætti sem greini í stefnu, að stefnendur hafi getað krafist bóta vegna þess strax miðað við þau tímamörk. Af því leiði að hvers kyns meintar fjárkröfur (bætur), sem raktar séu í stefnu og tengist umræddum skiptum, teljist fyrndar enda hafi ofangreindur fyrningarfrestur verið liðinn við málshöfðun þessa. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum.

Verði talið að stefnendur geti þrátt fyrir allt framangreint átt rétt á greiðslu úr hendi stefndu sé fjárkröfum stefnenda alfarið hafnað. Meint fjártjón stefnenda sé fjarri því að vera jafn mikið og miðað sé við í dómkröfum stefnenda. Með vísan til röksemda fyrir sýknukröfu stefndu verði að telja að lækka beri fjárkröfur stefnenda verulega. Til stuðnings kröfu sinni um lækkun vísi stefndu til sömu málsástæðna og rökstuðnings og fram komi hér að framan til stuðnings aðalkröfu um sýknu. Lækka beri dómkröfur stefnenda verulega, meðal annars vegna þeirra annmarka sem séu á þeirri heimild sem stefnendur grundvalli kröfur sínar á. Eins og rakið hafi verið hér að framan sé verðmæti fasteignar aldrei meira en gangverð hennar á skiptatíma, í ágúst 2018, þótt þessi tala komi ekki fram í gögnum málsins eða stefnu. Fyrir liggi að kröfugerð taki mið af herra verð-

lagi í desember 2019 og ástandi eignarinnar þá en ekki raunástandi og verðlagi á skipta-  
tíma. Byggi stefndu þannig á því að draga þurfi frá dómkröfum stefnenda mismun á  
söluverði og gangverði fasteignar á skiptatíma í samræmi við meginreglu 2. mgr. 84. gr.  
laga nr. 20/1991. Stefndu telji þó að stefnendur geti ekki breytt sakarefni málsins og  
rökstuðningi fyrir kröfugerð með eins afdrifaríkum hætti á þessu stigi máls. Hvað sem  
því líði telji stefndu að miða eigi við fasteignamatsfjárhæð 42.000.000 króna samkvæmt  
erfðafjárskýrslu. Að öðrum kosti sé gerð krafa um lækkun að álitum dómsins.

Þá telji stefndu ljóst að 50% af fasteigninni að [...] hafi ekki fallið til óskipta  
búsins heldur aðeins verðmæti (sjálfsaflafé) sem faðir þeirra hafi aflað á síðari stigum  
eftir lok einkaskipta. Telja verði að sá hlutur hafi að öllu leyti runnið til kaupa á  
fasteigninni að [...] og beri því að draga sama hlutfall (50%) frá nettósöluverði  
fasteignarinnar, 56.844.856 krónum ef það verði lagt til grundvallar, eða frá fast-  
eignamati árið 2018, 42.000.000 króna samkvæmt erfðafjárskýrslu. Lækkun samkvæmt  
þessum lið sé þá annað hvort 28.422.428 krónur eða kr. 21.000.000 króna.

Í öllu falli sé á því byggt, án tillits til framangreinds, að séreign föður stefndu í  
fasteigninni að [...], er runnið hafi að fullu til kaupa á fasteigninni að [...], komi til  
lækkunar á dómkröfum stefnenda í sama hlutfalli. Einfaldasta leiðin til að koma því til  
leiðar sé að draga 16,66% frá nettósöluverði fasteignarinnar eða fasteignamati eftir  
atvikum. Lækkun samkvæmt þessum lið sé þá annað hvort 9.470.353 krónur eða kr.  
6.997.200 krónur.

Í þessu sambandi byggi stefndu jafnframt á því að lögarfur stefnenda í allri fast-  
eigninni að [...], verðmæti er faðir stefndu hafi leyst til sín gegn greiðslu, komi til  
lækkunar á dómkröfum stefnenda í sama hlutfalli. Til samræmis beri að draga 33,33%  
frá nettósöluverði fasteignarinnar eða fasteignamati. Samkvæmt þessu nemi lækkun  
annað hvort 18.946.391 krónu eða 13.998.600 krónum.

Ef ekki verði fallist á að draga téðan arfshluta stefnenda frá sé vísað til þess að  
greiðsla föður stefndu til stefnenda, samkvæmt skiptayfirlýsingu, samtals 3.229.668  
krónur, komi til lækkunar á kröfum stefnenda. Þessa fjárhæð þurfi að uppreikna, sbr. til  
hliðsjónar 31. gr. erfðalaga nr. 8/1962, frá nóvember 1997 til verðlags í ágúst 2018 eða  
desember 2019, eftir því hvort tímabilið verði lagt til grundvallar. Nemi lækkun sam-  
kvæmt þessum lið þá annað hvort 8.099.099 krónum eða 8.413.628 krónum, sbr. fram-  
lagðan verðlagsútreikning. Að öðrum kosti væru stefnendur að fá meint tjón sitt ofbætt

sem geti ekki talist sanngjarnt eða eðlilegt. Stefnendur uppreikni eftir verðlagi kröfur sínar í stefnu og því ætti það sama að gilda um kröfur stefndu.

Kröfu stefnenda um dráttarvexti og upphafsdag vaxta sé mótmælt sem vanreifaðri og rangri. Stefndu bendi á að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 sé heimilt, þegar ekki hafi verið samið um gjalddaga kröfu, að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn sé mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Ekki verði fallist á að stefnendur hafi gert nokkra grein fyrir kröfu sinni í bréfi til stefndu, dagsettu 27. febrúar 2019, eða þeim samskiptum sem fram fóru í kjölfarið, þannig að þau teljist marka upphafstíma dráttarvaxta samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt lögskýringargögnum verði kröfuhafi að krefja skuldara „með réttu“ um greiðslu og með sannanlegum hætti. Verði því að telja að þessi gögn sem stefnendur vísi til uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Hafa beri einnig í huga að ákvæði 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 standi því í vegi að stefnendur geti krafist stefndu um vexti, þ.m.t. dráttarvexti af dómkröfum. Ákvæðið sé afdráttarlaust og gangi framur almennum reglum laga nr. 38/2001. Krafa stefnenda um greiðslu dráttarvaxta hafi því enga lagastoð og krefjist stefndu sýknu af kröfunni. Fari svo ólíklega að fallist verði á kröfur stefnenda, í heild eða að hluta, sé rétt að upphafstími dráttarvaxta miðist við dómsuppsögu, sbr. 9. laga nr. 38/2001.

Kröfu stefnenda um málskostnað sé andmælt af hálfu stefndu. Ljóst sé að mál þetta hafi verið gert óvenju flókið og fyrirferðarmikið af hálfu stefnenda með kröfu um endurupptöku á einkaskiptum og kröfu um opinber skipti án þess að heimild hafi verið fyrir því í lögum. Einnig sé þetta þriðja tilraun stefnenda til að fá efnisdóm um sakarefnið en hinum málunum hafi báðum vísað frá dómi vegna verulegra annmarka á aðild og kröfugerð. Stefndu krefjast þess að tekið verði fullt tillit til þessa við ákvörðun málskostnaðar í þessu máli.

Um lagarök vísa stefndu umfram það sem að framan greinir til meginreglna skaðabótaréttar og almennra reglna einkamálaréttarfars um sönnun og sönnunarbyrði, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Vísað er sérstaklega til 80. gr. sömu laga varðandi kröfugerð og málatilbúnað stefnenda. Þá vísa stefndu til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kröfu sinni um málskostnað til stuðnings.

#### IV.

*Niðurstaða*

Ágreiningur málsaðila lýtur í grunninn að því hvort stefnendur eigi rétt á umkröfðum fjárhæðum úr hendi stefndu á grundvelli 3. mgr. 95. gr., sbr. 2. mgr. 84. gr., laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Samkvæmt fyrri málslið tilvitnaðrar 2. mgr. 84. gr. getur hver sá sem gefur sig fram innan tíu ára frá lokum opinberra skipta sem hefði átt rétt til arfs eða gjafar úr búinu en gengið var framhjá við skiptin krafði hvern þann fyrir sig sem naut arfs í hans stað um endurgreiðslu fyrir sitt leyti. Samkvæmt síðari málslið sömu málgreinar verður sá sem naut arfsins ekki krafinn um arð eða vexti af fénu nema hann hafi tekið við arfinum gegn betri vitund. Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. gildir 2. mgr. 84. gr. einnig um rétt þess sem kann að hafa verið gengið framhjá við einkaskipti.

Stefnendur byggja, svo sem nánar er rakið í kafla II hér að framan, á því að við einkaskipti á dánarbúi H, föður stefndu, sem við andlát hafi setið í óskiptu búi I, móður stefnenda, hafi verið framhjá þeim gengið og gera á þeim grunni aðallega og til vara fjárkröfur og til þrautavara viðurkenningarkröfur á hendur stefndu. Stefnendur krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnenda. Þeirri kröfu til stuðnings byggja stefndur, líkt og rakið er í kafla III hér að framan, í meginatriðum á því að stefnendur hafi ekki fært viðhlítandi sönnur á fjárhæð krafna sinna, auk þess sem þær séu fyrndar. Til vara krefjast stefndur þess svo að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega.

#### A.

Með kaupmála þeirra I og H, dagsettum 5. maí 1987, varð 50% eignarhluti í fasteigninni að [...] að séreign I, sem og nánar tilgreind bifreið. Jafnframt sömdu I og H svo um að arfur sem kynni að falla til þeirra skyldi verða séreign þess hjóna sem erfði. Þá skyldi arður og það sem kæmi í stað séreignar hvors hjóna um sig verða séreign þess sem séreignina á. Á grundvelli kaupmálans varð föðurarfur I, sem til féll í desember 1994, að séreign hennar. Þeim arfi var þó eftir því sem næst verður komist ekki haldið sérgreindum.

Við andlát I 8. júní 1997 hafði kaupmálinn gegnt hlutverki sínu og varð í kjölfarið að skipta séreignum hennar milli lögerfingja, þ.e. H og þriggja barna I, stefnenda þessa máls, enda gátu þær eignir samkvæmt ákvæðum kaupmálans aldrei runnið til búsins þegar H fékk leyfi til setu í óskiptu búi 17. september 1997, sbr. 1. másl. 1. mgr. 11. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Í samræmi við það var skýrt tekið fram í leyfisbréfi sýslumanns að hálf fasteignin að [...] og bifreið I féllu ekki til óskipta búsins. Þar segir einnig að verðmæti sem H kunni að eignast framvegis renni í búið, nema þau eigi að lögum að falla til séreignar. Þó skuli arfur eða gjöf, sem H hlotnast, ekki renna til búsins ef H lýsir því

fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um þessi verðmæti að þau skuli ekki renna í óskipta búíð.

Þótt heimilt hafi verið að veita H leyfið til setu í óskiptu búí bar þannig að stofna til skipta á séreignum I án ástæðulauss dráttar, svo sem H og stefnendur gerðu með umsókn um leyfi til einkaskipta sem sýslumaður samþykkti 6. október 1997. Samkvæmt 2. gr. erfðalaga skyldi H erfa 1/3 af séreignum I og stefnendur 2/3. Er ágreiningslaust að skiptum var hagað á þann veg og að við lok einkaskipta á séreignum I undirrituðu H og stefnendur erfðafjárskýrslu og skiptayfirlýsingu 18. nóvember 1997, sem sýslumaður staðfesti 19. sama mánaðar.

Samkvæmt öllu framansögðu er að mati dómsins ótvírætt að við lok nefndra einkaskipta hafi búshluti I staðið inni í hinu óskipta dánarbúi og að stefnendur hafi átt ógreiddan móðurarf. Seta H í óskiptu búí hafði þannig það eitt í för með sér að frestun varð á arfskiptum til stefnenda og útgreiðslu móðurarfs. Að því gættu er ljóst að gengið var framhjá stefnendum við einkaskiptin eftir H. Ekki verður á það fallist með stefndu að kröfur stefnenda á því byggðar séu fyrndar enda afdráttarlaust mælt fyrir um það í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 að slíkar kröfur verði hafðar uppi í allt að tíu ár frá lokum skipta. Ber því nú samkvæmt 3. mgr. 95. gr., sbr. 2. mgr. 84. gr., umræddra laga að rétta hlut stefnenda.

## B.

Við andlát H 13. júlí 2018 féll niður lögmæltur erfðaréttur hans eftir I, sbr. 2. mgr. 19. gr. erfðalaga. Á þeim lagagrunni áttu þær hjúskapareignir sem hjónin létu eftir sig að skiptast í tvo jafna stofnhluta (50/50) og hvor hluti um sig að deilast á milli lögerfingja hvors hjóna eftir reglum 1. mgr. 19. gr. Kröfur stefnenda eru reistar á því að allar þær eignir sem til staðar voru við andlát H hafi verið hjúskapareignir sem koma hafi átt til skipta á framangreindum grunni. Stefndu byggja aftur á móti á því að hluti þeirra eigna sem til staðar voru við andlát H hafi verið séreign hans og þar með ekki inni í óskiptu búí þeirra I. Nánar tiltekið byggja stefndu í þessu sambandi á því að séreignir I sem komið hafi til skipta árið 1997 hafi ekki fallið til óskipta búsins. H hafi leyst arfshlut stefnenda í þeim eignum til sín við skiptin og sá hluti þeirra í kjölfarið orðið séreign hans. Þá hafi arfshlutur H í umræddum eignum orðið séreign hans á grundvelli þess ákvæðis í kaupmála þeirra hjóna sem kveði á um að arfur skuli verða séreign þess hjóna sem erfi hvert sinn eða eftir atvikum á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 og vísa í því sambandi til þess að skil H á erfðafjárskýrslu og skiptayfirlýsingu til sýslumanns 18.

nóvember 1997 feli í sér fullnægjandi yfirlýsingu í skilningi 2. mgr. 11. gr. erfðalaga. Að þessu virtu hafi stefnendur því ekki fært fullnægjandi sönnur á fjárhæð krafna sinna. Því beri að sýkna stefndu af kröfum þeirra eða í öllu falli að lækka þær verulega.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 teljast hjúskapareignir beggja hjóna til óskipts bús sem og séreign sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Þá rennur sjálfsaflafé og annað verðmæti, sem sá eignast sem situr í óskiptu búi, til búsins nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar rennur þó arfur eða gjöf, sem langlífara maka hlotnast, ekki inn í óskiptu bú ef hann lýsir því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða þau þá séreign langlífara maka. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum óskipta búsins.

H fékk leyfi til setu í óskiptu búi eftir I 17. september 1997. Líkt og rakið er í kafla I hér að framan var í samræmi við framangreind fyrirmæli 11. gr. laga nr. 8/1962 sérstaklega tiltekið í búsetuleyfi hans að verðmæti, sem leyfishafi kunni að eignast framvegis renni í búið, nema þau eigi að lögum að falla til séreignar sem og að arfur eða gjöf, sem honum hlotnist, renni þó ekki til búsins ef hann lýsi því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um þessi verðmæti, að þau skuli ekki renna í óskipta búið.

Séreignarskiptum stefnenda og H eftir I var lokið 19. nóvember 1997. Við þau skipti leysti H sem fyrr greinir til sín arfshlut stefnenda, nánar tiltekið 2/3 hluta af 50% séreignarhlut I í fasteigninni að [...] og 2/3 hluta í tilgreindri bifreið með greiðslu á 1.076.556 krónum til hvers þeirra fyrir sig. Ekki liggur annað fyrir en að H hafi greitt stefnendum arfshluta þeirra með fjármunum úr sameiginlegu búi hans og I. Standa því engin rök til annars en að líta svo á að um hafi verið að ræða verðmæti sem H eignaðist á meðan hann sat í óskiptu búi og þau hafi þegar af þeirri ástæðu runnið til búsins í samræmi við fyrirmæli 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 enda mæla lög ekki fyrir um að þau hafi átt að falla til séreignar hans.

Þá stóð H samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 11. gr. laga nr. 8/1962 sem aukinheldur eru áréttuð í búsetuleyfi hans til boða að lýsa því fyrir sýslumanni „innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um arf“ að sá þriðjungur arfs sem hann fékk við séreignarskipti eftir I skyldi ekki renna inn í óskipta búið. Að mati dómsins getur áðurgreint ákvæði í kaupmála þeirra I og H um að arfur skuli verða séreign þess hjóna

sem erfi hvert sinn aldrei gengið þeim ótvíræðu lagafyrirmælum framar. Hafi það verið ætlun H að arfshluti hans yrði séreign bar honum því óháð því ákvæði í kaupmála þeirra að lýsa því fyrir sýslumanni enda sat hann í óskiptu búi eftir I þegar séreignarskiptum eftir hana lauk og hann tók við arfshlut sínum.

Af hálfu stefndu er á því byggt að skil H á erfðafjárskýrslu og skiptayfirlýsingu til sýslumanns 18. nóvember 1997 feli í sér fullnægjandi yfirlýsingu í skilningi 2. mgr. 11. gr. erfðalaga. Að mati dómsins felur umrædd skiptayfirlýsing, sem frá greinir í kafla I hér að framan, ekki í sér nokkuð í námunda við yfirlýsingu í anda 2. mgr. 11. gr. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að slíkri, meintri séreign H hafi verið haldið aðgreindri frá eignum óskipta búsins líkt og áskilið er í niðurlagsákvæði 2. mgr. 11. gr. Verður því ekki á það fallist að arfshluti H af séreignum I falli utan búsins á umræddum grunni.

Samkvæmt ofansögðu runnu þannig bæði þau verðmæti sem H leysti til sín við séreignarskiptin á búi I með greiðslu til stefnenda sem og þriðjungsarfur H inn í óskipt búi þeirra og koma málsástæður stefndu um að verðmæti sem koma í stað séreignar verði einnig séreign, svo og arður af slíkum verðmætum, þegar af þeirri ástæðu ekki til frekari skoðunar. Töldust því allar eignir búsins til hjúskapareigna í skilningi laga nr. 8/1962 og áttu að skiptast með áður greindum hætti á milli barna I og barna H eftir andlát hans. Þá er það á misskilningi byggt að greiðsla H til stefnenda á arfshluta þeirra vegna séreigna I 1997 rýri á einhvern hátt rétt stefnenda til arftöku eftir móður sína. Á slíkt sér ekki stoð í erfðalögum. Verður því hvorki fallist á aðalkröfur stefndu um sýknu af kröfum stefnenda á umræddum grundvelli né heldur varakröfur þeirra um verulega lækkun fjárfkrafa stefnenda.

### C.

Líkt og nánar er gerð grein fyrir í kafla II hér að framan reisa stefnendur fjárhæð krafna sinna annars vegar á upplýsingum um verðmæti heildareigna búsins samkvæmt framlagðri erfðafjárskýrslu, dagsettri 16. ágúst 2018 og samþykkttri af sýslumanni 21. sama mánaðar, og hins vegar á söluverði fasteignarinnar að [...] í Mosfellsbæ samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 17. desember 2019. Stefndu mótmæla ekki fjárhæð þess hluta krafna stefnenda sem byggður er á upplýsingum um verðmæti heildareigna búsins samkvæmt umræddri erfðafjárskýrslu en byggja á því að það gangi þvert gegn skýrum fyrirmælum niðurlagsákvæðis 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 um að sá sem notið hafi arfs verði ekki krafinn um arð eða vexti af fénu að miða verðmæti áður greindrar

fasteignar að [...] í Mosfellsbæ við kaupsamning sem dagsettur er tæplega einu og hálfu ári eftir skiptalok. Ekkert liggi fyrir í málinu um markaðsvirði umræddrar fasteignar við skiptalok og því hafi stefnendur ekki fært viðhlítandi sönnur á fjárhæð krafna sinna að því leyti. Því beri að sýkna stefndu af kröfum þeirra eða í öllu falli að lækka þær verulega.

Sem fyrr greinir áttu þær hjúskapareignir sem þau I og H létu eftir sig að skiptast í tvo jafna stofnhluta (50/50) og hvor hluti um sig að deilast á milli lögerfingja hvors hjóna eftir reglum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1962. Í samræmi við það átti helmingseignarhlutur í fasteigninni að [...] með réttu að koma í hlut stefnenda í viðeigandi hlutföllum. Í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 er ekki að finna fyrirmæli um það við hvað endurgreiðslufjárhæð skuli miðuð þegar eign sem erfingi sem gengið var framhjá við skipti átti rétt til arfshluta í hefur verið seld. Að mati dómsins er við þær aðstæður nærtækast að líta svo á að sá erfingi sem gengið var framhjá við skipti eignist bótakröfu á hendur þeim sem naut arfs í hans stað sem miði að því að gera hann eins settan fjárhagslega og ef rétt hefði verið staðið að skiptum í upphafi með þeirri takmörkun sem mælt er fyrir um í niðurlagsákvæði málsgreinarinnar. Ekki standa rök til annars en að ætla að ef rétt hefði verið staðið að skiptum eftir andlát H og helmingseignarhlutur í fasteigninni að [...] komið í hlut stefnenda hefði helmingur söluverðs eignarinnar á sama hátt komið í þeirra hlut þegar hún var seld. Er því að mati dómsins ekki hægt að jafna kröfu þeirra um að við mat á verðmæti fasteignarinnar skuli miða við söluverð hennar samkvæmt áður greindum kaupsamningi til kröfu um arð eða vexti í skilningi niðurlagsákvæðis 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 heldur miðar sú krafa þvert á móti að því að því að gera stefnendur eins setta fjárhagslega og ef rétt hefði verið staðið að skiptum í upphafi. Þá hafa stefndu hvorki haft uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar vegna ætlaðs kostnaðar þeirra af fasteigninni frá því hún var útlögð þeim og þar til hún var seld né heldur lagt fram nokkur gögn þar um og verða þau að bera hallann af því. Verður því hvorki fallist á aðalkröfur stefndu um sýknu af kröfum stefnenda á þessum grundvelli né heldur varakröfur þeirra um verulega lækkun fjárfkrafa stefnenda.

#### D.

Samkvæmt öllu framansögðu verður þannig fallist á kröfur stefnenda um greiðslu umkrafinna fjárhæða úr hendi stefndu. Verða því stefndu, hvert fyrir sig, dæmd til að greiða stefnendum, hverju fyrir sig, 3.538.970 krónur.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 má krefja þann sem naut arfs um vexti af fénu ef hann tók við arfi gegn betri vitund. Í ljósi þess langa tíma

sem leið frá andláti I og fram að andláti H sem og ummæla í skiptayfirlýsingunni frá 18. nóvember 1997 um að H sé hér eftir „einn eigandi“ að viðkomandi eignum og þinglýsingu á 100% eignarheimild H að fasteigninni að [...] í kjölfarið verður það ekki virt stefndu til grandsemi að hafa sótt um leyfi til einkaskipta eftir H án þess að gæta þess að hann sæti í óskiptu búi eftir I. Þá er ekkert fram komið um að þau hafi að öðru leyti tekið við arfinum gegn betri vitund og sú málsástæða raunar ekki höfð uppi. Verður því ekki fallist á stefnukröfur um greiðslu vaxta og dráttarvaxta.

Dæmdar fjárkröfur stefnenda eru í eðli sínu skaðabótakröfur og bera sem slíkar dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í ljósi niðurlagsákvæðis 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 og á grundvelli varakröfu stefndu þykir rétt að miða upphaf dráttarvaxta við dómsuppsögu í málinu.

Þrátt fyrir framangreind úrslit, og að gættri úrlausn þess álitaefnis sem leitt var til lykta undir rekstri málsins, þykir að öllum atvikum virtum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 rétt, eins og hér stendur á, að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnandi A fékk útgefið leyfi til gjafsóknar vegna reksturs máls þessa fyrir héraðsdómi hinn 4. desember 2023, sem er takmarkað við réttargjöld og þóknun lögmanns hennar. Gjafsóknarkostnaður stefnanda A greiðist því úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, Vöku Dagsdóttur, en þóknunin þykir að virtu umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir án virðisaukaskatts.

Stefnandi B fékk útgefið leyfi til gjafsóknar vegna reksturs máls þessa fyrir héraðsdómi hinn 4. desember 2023, sem er takmarkað við réttargjöld og þóknun lögmanns hennar að fjárhæð 1.000.000 króna. Gjafsóknarkostnaður stefnanda B greiðist því úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, Vöku Dagsdóttur, en þóknunin þykir að virtu umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir án virðisaukaskatts.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, D, greiði stefnendum, A, B og C, hverju fyrir sig, 3.538.970 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi, E, greiði stefnendum, hverju fyrir sig, 3.538.970 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda, F, greiði stefnendum, hverju fyrir sig, 3.538.970 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda, G, greiði stefnendum, hverju fyrir sig, 3.538.970 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, A, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Vöku Dagsdóttur, 900.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, B, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Vöku Dagsdóttur, 900.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Hulda Árnadóttir